

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2018

2020/EES/66/18

frá 27. apríl 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2397 frá 12. desember 2017 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 91/672/EBE og 96/50/EB ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun (ESB) 2017/2397 fellir úr gildi, frá og með 18. janúar 2022, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/672/EBE og 96/50/EB, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum frá og með 18. janúar 2022.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 46b (tilskipun ráðsins 96/50/EB):

„46c. **32017 L 2397**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2397 frá 12. desember 2017 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 91/672/EBE og 96/50/EB (Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 53).“

2. Texti liðar 46a (tilskipun ráðsins 91/672/EBE) og liðar 46b (tilskipun ráðsins 96/50/EB) fellur brott frá og með 18. janúar 2022.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2017/2397, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. apríl 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 53.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.